

Alþingi
Erindi nr. P/36/212
komudagur 25.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2008

**Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 57 3. júní 1996,
um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.**

Þingskjal 130 – 120 mál.

Samkvæmt frumvarpinu er útgerðum gert að tilkynna um fyrirhugaðan útflutning minnst 24 klukkustundum áður en aflann er skipað upp í flutningaskip, eða skip heldur af stað í siglingu. Útgerðinni er gert að setja upp lágmarksverð og skal aflinn vera boðinn upp á opnum uppboðsvef.

Athugasemdir Matis við breytingar á 5. gr. laganna eru eftirfarandi:

- Í frumvarpinu segir: ... að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Athugasemd Matis ohf er að upplýsingar um afla þurfa að hafa borist Fiskistofu nokkru fyrr en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar. Eðlilegt væri að miða við að bjóða þyrfti í aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar. Að öðrum kosti gæti skipulagning flutningsaðila orðið mjög erfið.
- Óljóst er hvort útgerðir eru bundnar af því lágmarksverði sem þær gefa upp, þ.e. hvort þeim sé heimilt að hafna hæsta tilboði þó svo að það sé yfir lágmarksverði því aðstæður á markaði gætu hafa breyst frá því að lágmarksverð var gefið upp.
- Ekki verður séð að útgerðum sé skylt að setja upp raunhæft lágmarksverð, né hvort og þá hver viðurlög eru við því að selja afla á lægra verði en lágmarksverði á erlendum markaði.

Virðingafyllst.

Sjafur Sigurgísladóttir
Sjöfn Sigurgísladóttir
forstjóri